

Hótel Vík
101 Reykjavík
10. júlí 1984

Agotu
(Frábæru) konur.

Mikið þökkum við Rútukonur og krakkar ykkur vel fyrir móttökurnar. Þessi ferð verður öllum sem þátt tóku í henni um lengri eða skemmri veg ógleymanleg.

Hringferðin hófst (á eins konar þjófstarti) 4. júní til Vestmannaeyja. Þann 5. júní lagði svo Kvennarútan af stað frá Hótel Vík. Fyrsti viðkomustaður var Þorlákshöfn en þar bættust í hópin Vestmannaeyjafararnir. Síðan var ekið um suðurland, austurland, norðurland, vestfirði, vesturland og endað á Þingvöllum 29. júní. Þar minntist Kristín Ástgeirsdóttir íslenskra kvenna með ræðu af Lögbergi. Síðan var gengið að Drekkingarhyl og köstuðu konur íslenskum blómum í hylinn til minningar um örlög kvenna sem dæmdar höfðu verið til drekkingar í hylnum. Á annað hundrað manns voru við athöfnina á Þingvöllum. Glæða sólskin var og glatt á hjalla í útiveislu sem haldin var að lokinni athöfninni.

Kílómetramælir Kvennarútunnar sýndi að alls höfðum við ekið 4700 km, þegar á Þingvöll var komið. Þykir það vel að verið því hringvegurinn umhverfis landið er almennt talinn vera um 1400 km. En við höfðum með ánægju lagt ýmsar lykkjur á leið okkar til þess að ná til sem flestra kvenna víðs vegar um landið.

Það er margt sem gerir þessa ferð ógleymanlega. Við vorum yfirleitt heppnar með veður (það erum við alltaf, að minnsta kosti þegar við lítum til baka (í minningunni)). Náttúra Íslands er stórkostleg og margbreytileg - og konur Íslands eru stórkostlegar og margbreytilegar. Ýmislegt eigum við sameiginlegt, það vissum við fyrir og vitum enn betur eftir þessa ferð.

Á annað þúsund konur komu á fundi til okkar. Þetta voru yfirleitt mjög opinskáir fundir og ánægjulegt hvað þátt-taka heimakvenna í umræðunni var góð. Þarna voru konur að hitta konur. Auk þess heimsóttum við fjölda vinnustaða kvenna, sérstaklega frystihús og saumastofur, en þessar konur eiga drjúgan þátt í verðmætasköpun aðal-útflutnings-atvinnugreinanna. En vinna þeirra er mikil og erfið og kaupið lágt. Allar hafa sömu sögu að segja um bónusinn, hann er slítandi og fer illa með mórallinn á vinnustaðnum.

ÞAÐ ÞARF GREINILEGA AÐ BÆTA HAG KVENNA.

Það merkilegasta af öllu var að finna þennan ótrúlega mikla styrk og baráttuvilja í konum um allt land. Hvers vegna erum við minna menntaðar og fátækari en karlar þessa lands, við sem eigum allan þennan styrk og getum hæglega breytt högum okkar bara ef við stöndum saman? Eftir hverju höfum við verið að bíða öll þessi ár? Það er a.m.k. engin ástæða til að bíða lengur. Nú hefjumst við handa.

Það þarf alveg endilega að ganga frá stofnun Kvennalista í öllum kjördæmum núna í sumar á meðan greiðfært er milli héraða.

*Þetta er sýning af þessum
þessum konum sem hafa verið
þessum konum sem hafa verið*

Það blasa við átök á vinnumarkaðnum. Okkur er sagt að herða bara betur sultarólinu. Við hljótum að fara að láta almennilega frá okkur heyra.

Þær hafa vissulega staðið sig vel konurnar okkar á þingi, en hugsið ykkur muninn ef við ættum fulltrúa úr hverju kjördæmi - ja jafnvel fleiri en einn - þá fyrst væri nú gaman að lifa.

Við sendum ykkur hér með ljósrít af nafnaskrá þeirra sem á fundinn komu í ykkar heimabyggð. Drífið nú í að kalla saman konur og stofna formlega Samtök um kvennalista. Það þarf ekki nema tvær konur til að stofna "anga". Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að greiða götu ykkar. Verið ekki feimnar við að hringja, skrifa eða koma á Víkina (sími 91-13725). Og ef nauðsyn krefur þá getum við ~~jafnvel~~ komið til ykkar. *handsfundur / stefnunna*

Mikið væri gaman að heyra frá ykkur sem fyrst. Og gagnlegt væri fyrir okkur ef þið segduð hvað ykkur fannst um undirbúning og framkvæmd (og fund) Kvennaráttunnar. Við viljum endilega læra sem mest af þessari miklu ferð.

Heilmiklu dóti dreifðum við óvart um landið svo sem svefnpoka, úlpum, peysum, sundfötum og fleira sem gott væri að fá sent á Víkina.

Það er víða mikið fjör í konum. Til dæmis eru konur í Höfn komnar í fluggir. Þær héldu stórfund 19. júní og eru staðráðnar í framhaldi. Þið hinar, látið ekki ykkar eftir liggja. Samtakamátturinn er það eina sem getur bætt hag kvenna og barna í þessu annars góða landi.

Bestu kveðjur

Kvennalistiinn

P.S. Farið ekki til Reykjavíkur öðru vísi en að líta við á Víkinni í leiðinni.

Þar er Vera

Þar er Kvennalistiinn

Þar er Kvennaframboðið

Þar er Kvennaráðgjöfin

Þar eru Samtök kvenna á vinnumarkaðnum

Þar eru Menningar og friðarsamtök ísl. kvenna

Þar eru börn velkomin

Þar erum við.

Handwritten notes and signatures at the bottom of the page, including names like Vera and others, and some illegible text.